

Fundargerð 47. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu 24. september kl. 13:15

Dagskrá:

1. Greinargerð um framvindu sóknaráætlanasamninga og ráðstöfun fjármuna 2017
2. Framlög til sóknaráætlanasamninga árið 2019
3. Skýrsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um framvindu stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2014-2017
4. Frumvarp til fjárlaga 2019. 14. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015
5. Aðgerðir í byggðaáætlun 2018-2024
6. Önnur mál
 - a. Byggðamálaráð
 - b. Haustfundir stýrihóps og landshlutasamtaka sveitarfélaga
 - c. Þjónustukort
 - d. Byggðaráðstefna

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SRN), Björn Helgi Barkarson (UAR), Eva Margrét Kristinsdóttir (VEL), Guðmundur Bjarni Ragnarsson (DMR), Pétur Berg Matthíasson (FOR), Karitas Gunnarsdóttir (MRN), Sigurður Guðmundsson (FJR), Steinunn Valdís Óskarsdóttir (ANR), Þórarinn Sólmundarson (MRN), Anna Guðrún Björnsdóttir (sambandinu), fór af fundi 14.20 og Guðmundur Guðmundsson (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Fjarverandi: Arnar Freyr Einarsson (ANR), Björn Freyr Björnsson (SRN), Bryndís Þorvaldsdóttir (VEL), Hrund Hafsteinsdóttir (UTN), Árni Ragnarsson (Byggðastofnun), Páll Brynjarsson (landshlutasamtökunum) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun).

Fundargerð 46. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

Pétur Berg Matthíasson hefur tekið sæti í stýrihópnum sem fulltrúi forsætisráðuneytis og bauð formaður hann velkominn.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Greinargerð um framvindu sóknaráætlanasamninga og ráðstöfun fjármuna 2017

Verkefnisstjóri hafði sent lokadrög að greinargerð stýrihópsins um framvindu sóknaráætlanasamninga og ráðstöfun fjármuna 2017. Engar athugasemdir komu fram og verður greinargerðinni því komið í endanlegt form og hún gerð opinber.

2. Framlög til sóknaráætlanasamninga árið 2019

Formaður lagði til að sömu viðmið um skiptingu framlaga og notuð hafi verið frá árinu 2015 verði notuð fyrir síðasta ár gildandi sóknaráætlanasamninga. Stýrihópurinn samþykkti tillöguna. Framlög til hvers samnings verða þannig óbreytt milli ára. Verkefnisstjóra falið að upplýsa landshlutasamtök sveitarfélaga.

Rætt var um að við endurnýjun sóknaráætlanasamninga verði viðmiðin fyrir skiptingu framlaga jafnframt endurskoðuð og gætu því tekið breytingum við gildistöku nýrra samninga árið 2020. Þá var rætt að kostur

væri ef fleiri ráðuneyti en samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti legðu samningunum til verkefni og fjármagn.

3. Skýrsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um framvindu stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2014-2017

Formaður greindi frá því að vinna við skýrslu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um framvindu stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2014-2017 væri í lokayfirlestri.

4. Frumvarp til fjárlaga 2019. 14. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015

Samkvæmt 14. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 skal Byggðastofnun gefa fjárlaganefnd umsögn um áhrif fjárlagafrumvarps á byggðaþróun innan fjögurra vikna frá framlagningu. Byggðastofnun hefur leitað liðsinnis fulltrúa stýrihópsins og sendi formaður hópnum bréf þess efnis frá forstjóra stofnunarinnar, dags. 14. september sl.

Guðmundur Guðmundsson frá Byggðastofnun gerði grein fyrir samskiptum stofnunarinnar við fjármála- og efnahagsráðuneytið og aðdraganda þess að Byggðastofnun leitar nú til stýrihópsins. Nokkur umræða varð um framkvæmd verkefnisins. Meðal þess sem fram kom var að heppilegra væri að stofnunin kæmi að málinu við gerð fjármálaáætlunar eða legði mat á fjárlög eftir að þau hafa verið samþykkt.

Tvö ráðuneyti hafa þegar upplýst Byggðastofnun um hvaða málefnasvið sem undir þau heyra hafa með beinum eða óbeinum hætti áhrif á byggðaþróun. Önnur ráðuneyti voru hvött til að gera það fyrir vikulok.

Stýrihópurinn er sammála um að mikilvægt sé meta áhrif fjárlaga á byggðaþróun, en setur spurningarmerki við hvort markmiðið náist með þessu fyrirkomulagi.

5. Aðgerðir í byggðaáætlun 2018-2024

Formaður lagði til að aðgerðir á byggðaáætlun verði fastur liður á dagskrá stýrihópsins. Fundarmenn tóku undir það. Með því geta fulltrúar ráðuneyta meðal annars komið upplýsingum á framfæri um einstakar aðgerðir sem þeirra ráðuneyti bera ábyrgð á.

Formaður greindi frá því að SRN væri búið að opna fyrir umsóknir um framlög vegna tveggja aðgerða, aðgerð C.1 Sérstæk verkefni sóknaráætlanasvæða og aðgerð B.8 Fjarvinnslustöðvar. Samþykktar hafa verið sérstakar úthlutunarreglur og stefnt að því að auglýsa eftir framlögum í aðgerðir A.9 Verslun í strjálbýli og A.10 Almenningsamgöngur um land allt á næstu vikum.

Þó nokkur umræða varð um aðgerð B.7 Störf á staðsetningar og aðgerð B.9 Fjölbreytt atvinnutækifæri um allt land.

6. Önnur mál

a) Byggðamálaráð

Alþingi samþykkti í júní sl. lög nr. 53/2018 um breytingu á ýmsum lögum á sviði samgöngu-, fjarskipta-, sveitarstjórnar- og byggðamála. Löggin fela meðal annars í sér að ráðherra skipar byggðamálaráð sem gerir tillögu til ráðherra að stefnumótandi byggðaáætlun og fimm ára aðgerðaáætlun að fengnum áherslum ráðherra. Formaður greindi frá skipan í ráðið. Þó nokkrar umræður urðu um ráðið og hvort um mögulega skörun þess og stýrihópsins væri að ræða. Ákveðið að taka málið upp á næsta fundi stýrihópsins.

b) Haustfundir stýrihóps og landshlutasamtaka sveitarfélaga

Haustfundir stýrihópsins og landshlutasamtaka sveitarfélaga hafa verið boðaðir í Reykjavík dagana 30. og 31. október og 7. og 8. nóvember. Alls átta fundir.

c) Þjónustukort

Upplýst var að skipaður hefur verið starfshópur nokkurra ráðuneyta sem hefur það hlutverk að aðstoða Byggðastofnun við upplýsingaöflun fyrir þjónustukort, aðgerð A.2 á byggðaaáætlun.

d) Byggðaráðstefna 2018

Formaður greindi frá því að Byggðastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og Stykkishólmsbær standa fyrir byggðaráðstefnu 16. og 17. október næstkomandi í Stykkishólmi og verður viðfangsefni ráðstefnunnar umhverfismál og byggðaþróun. Formaður lagði fram dagskrá ráðstefnunnar og hvatti þá sem ættu þess kost að mæta á ráðstefnuna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.55.